



362. fundur Þingvallanefndar

Fundur haldinn á nefndasviði Alþingis þann 11. nóvember 2009 kl. 11:30. Mættir voru Álfheiður Ingadóttir, Atli Gíslason, Björgvin G. Sigurðsson, Ragnheiður E. Árnadóttir, Valgerður Bjarnadóttir, Vigdís Hauksdóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Einar Á. Sæmundsen, Guðrún St. Kristinsdóttir og Hrefna Jónsdóttir sem ritaði fundargerð. Lilja Jónasdóttir lögfræðingur, Yngvi Þór Loftsson landslagsarkitekt, Pétur Ingi Haraldsson skipulagsstjóri uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps og Margeir Ingólfsson oddviti Bláskógabyggðar mættu vegna 1. dagskrárliðar.

Þetta gerðist:

1. Skipulagsmál og byggingarskilmálar í Þjóðgarðinum

Í aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2004–2016 kemur fram að deiliskipulagi innan Þjóðgarðsins skuli komið á innan fjögurra ára frá staðfestingu aðalskipulags.

Pétur Ingi Haraldsson skipulagsstjóri skýrir frá hvar greinir á milli í byggingarskilmálum Þjóðgarðsins og sveitarfélagsins. Staðsetning sumarhúsa á Þingvallasvæðinu er óvenjuleg. Í reglugerð nr. 400/1998 kemur fram að hús megi ekki vera nær vatni en 50 m en í Þjóðgarðinum eru sumarhús staðsett allt að 3 m frá Þingvallavatni. Víða við Valhallarstíg er ekki hægt að færa hús fjær vatninu vegna mikils halla.

Almennar reglur gilda um stærð húsa í Þingvallasveit, staðfestar af sveitarstjórn Bláskógabyggðar 2006. Hámarksnýtingarhlutfall er 3% af stærð lóðar en auk þess er heimilt að reisa aukahús allt að 30 m³ að stærð. Í byggingarskilmálum Þingvallanefndar er miðað við að hús séu ekki stærri en 90 m³, þó með þeim möguleika að nýta því til viðbótar kjallara og/eða ris. Lóðir innan Þjóðgarðsins eru misstórar eða allt frá 0,12 ha til 1,6 ha. Að mati Péturs Inga festir staðfesting deiliskipulags sumarhúsabyggð í Þjóðgarðinum í sessi, en það stangast á við stefnumörkun Þjóðgarðsins 2004–2024 þar sem segir: „Stefnt skal að því að Þjóðgarðurinn neyti forkaupsréttar þegar bústaðir bjóðast til sölu og taki yfir lóðir þegar leigusamningar renna út og skal í upphafi lögð mest áhersla á Gjábakkasvæðið. Deiliskipulag kveði á um atriði sem lúta að ásýnd, gróðurfari og aðgengi að því marki sem nauðsynlegt er til að verja hagsmuni Þjóðgarðsins.“

Margeir Ingólfsson oddviti Bláskógabyggðar þakkaði fyrir boð á fund nefndarinnar og ítrekaði mikilvægi þess að samskipti séu góð á milli þessara tveggja aðila. Margeir bendir á mikilvægi þess að hafa byggingarskilmála skýra til að auðvelda störf nefndarinnar. Byggingarskilmálar Þjóðgarðsins sem nú eru í heildstæðri endurskoðun beri þess merki að stagað hafi verið í þá hér og þar, enda komnir nokkuð til ára sinna. Grunnurinn að nýjum byggingarskilmálum eigi að vera þær ákvarðanir sem sveitarfélagið hefur tekið í aðalskipulagi. Með þeim megi m.a. nálgast það markmið að almenningur fái aðgang að vatninu. Deiliskipuleggja þurfi allan Þjóðgarðinn, samræma hönnunarskilmála og viðmiðunarreglur um

breytingar og nýbyggingar en nú er í þjóðgarðinum staðfest deiliskipulag á Hakinu, annað við Vatnskot og það þriðja við Þjónustumiðstöðina á Leirum. Ekki er byrjað að deiliskipuleggja aðrar sumarhúsabyggingar í Þingvallasveit.

Þorgerður Katrín vísar af fundi kl. 12:20.

2. Göngustígar í þjóðgarðinum

Sigrún Helgadóttir rithöfundur ritar bók um þjóðgarðinn á Þingvöllum í samstarfi við bókaútgáfuna Opnu ehf. Bókin verður í bókaflökki Opnu um Friðlýst svæði á Íslandi. Þingvallanefnd styrkti útgáfu bókarinnar um 2 m.kr. 2009. Bókin skiptist í tvo hluta. Fyrri hluti skiptist í þrjú kafla: Þjóð á Þingvöllum; Á mörkum tveggja heima og Þjóðgarður. Seinni hluti bókarinnar er um Land og leiðir ásamt korti með gönguleiðum. Bókaflokkurinn leggur áherslu á að styrkja tengsl fólks við svæðið og auka virðingu fyrir því. Forsenda þess er að fólk gangi um landið, kynnist því, upplifi og njóti.

Sigrún leggur áherslu á að gönguleiðir og reið- og bílvegir fari ekki saman. Hætta skapist af bílum og á reiðvegum sé ekki hægt að njóta náttúrunnar, ilms og kyrrðar á sama hátt og á göngugötu. Hún leggur áherslu á að gönguleiðir verði stíkaðar og merktar til að hvetja fólk til göngu, auka öryggi fólks og vísa því á áhugaverða staði.

Sigrún óskar eftir því við nefndina að komið sé til móts við verkefni hennar með því að stíka og merkja gönguleiðir og opna þjóðgarðinn fyrir göngufólki á 80 ára afmæli hans. Tillögur Sigrúnar felast í að stíka þurfi ca. 50 km. af gönguleiðum, setja upp kort af þjóðgarðinum á 8 aðkomustöðum og útskýra gönguleiðakerfi, setja upp vegpresta eða merkingar á 37 krossgötum og sýna kort á 17 lykil-gatnamótum sem lýsa nánasta umhverfi og benda fólki á hvar það er statt.

Frestað. Ákveðið að kanna kostnað við framkvæmd tillögunnar og möguleg áfangaskipti verksins.

3. Önnur mál

Stefnt er að því að nefndin fari í vettvangsferð um sumarhúsasvæðin í þjóðgarðinum fyrir mánaðamót.

Erindi sent til Helga Kjartanssonar byggingarfulltrúa Bláskógabygðar varðandi Valhallarstíg nýðri nr. 15.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.